

**Mættir:** Gróa Erla Ragnvaldsdóttir, Sólrún Halla Bjarnadóttir, Magnea Kristleifsdóttir, Kristín Kristjánsdóttir, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, Kristján Pétursson. Pálmar Þorsteinsson, Edda Arinbjarnardóttir og Harpa Sigríður Magnúsdóttir komust ekki á fundinn. Nemendafulltrúar komust ekki, Melkorka Sól var í Danmörku í Nord plus verkefni og Þorgerður Sól í Reykjavík.

- mál.** Samþykkt á skóladagatali fyrir skólaárið 2015-2016.  
Skóladagar verða 180, einn dagur talinn tvöfaldur, það er árshátíðardagur. Nemendur fara ekki heim og eru í vinnu allan daginn og fram yfir sýningar að kvöldi því er dagurinn talinn tvöfaldur.  
Starfsdagar eru átta utan starfstíma nemenda og sérstakir skipulagsdagar kennara eru fimm á starfstíma nemenda eins og kveður á í kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands. Skóladagatal samþykkt samhljóða.
- mál.** Skólapúlsinn og kannanir  
Ingibjörg gerði grein fyrir stöðu á könnunum sem Skólapúlsinn sér um fyrir skólann þetta skólaár en þær eru hluti af innra mati á skólastarfi.  
Kannanir eru lagðar fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn. Foreldra og ein af tveimur nemendakönnunum er lokið og starfsmannakönnun verður tekin fyrir páskaleyfi.  
Þegar niðurstöður liggja fyrir verða þær kynntar skólaráði.
- mál.** Breytingar á starfsmannahaldi.  
Starfsmannaviðtölum er að mestu lokið. Breytingar á starfsmannahaldi næsta skólaár verða eftirfarandi:  
Sigríður Gunnlaugsdóttir skólaliði, Börkur Hrafn Nóason kennari og Ása Hlín Svavarsdóttir kennari munu láta af störfum við skólann. Ágústa Þorvaldsdóttir hefur sótt um ársleyfi og fengið samþykkt fyrir því. Steinunn Fjóla Benediktsdóttir mun að öllum líkindum koma til starfa eftir veikindaleyfi í lok maí.  
Ólíklegt er að það þurfi að auglýsa eftir kennurm en það verður ekki ljóst fyrr en samtölum um vinnumat við kennara er lokið.
- mál.** Annað er viðkemur skólastarfinu.
  - Nemendur í 9.bekk K-deildar héldu til Danmerkur þann 11. apríl til að taka þátt í Nord plus verkefni. Bekkurinn er þátttakandi í verkefninu ásamt nemendum frá Danmörku og Finnlandi. Bjarnheiður Jónsdóttir og Maja Vilstrup kennarar eru í för með nemendum og áætluð heimkoma hópsins er að kvöldi 17. apríl.
  - Leiðtogadagur stendur fyrir dyrum 30. apríl. Þessi dagur er hugsaður til að kynna leiðtogaverkefnið og hvernig unnið er með venjurnar 7 í skólastarfinu. Boðskort verða send út og móttaka gesta undirbúin.
  - Ákveðið að kalla nemendaráð til fundar við skólaráð við fyrsta tækifæri.